

Reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða (nr. 459/1996)

1. gr.

Starfrækt skal Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík. Bolungarvíkurkaupstaður og önnur sveitarfélög í Vestfjarðakjördæmi sem gerast kunna aðilar að stofunni eiga og reka hana með stuðningi ríkissjóðs.

Ríkissjóður greiðir laun forstöðumanns í fullu starfi. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar vegna húsnæðis eða leigukostnaðar eigi það við, innréttinga og bóka- og tækjakaupa getur numið allt að helmingi kostnaðar og fer eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Ríkissjóður er eigandi þess framlags sem hann leggur til stofnkostnaðar.

2. gr.

Auk framlags skv. 1. gr hefur stofan tekjur af útseldri vinnu og annari gjaldhæfri þjónustu. Renna þær óskiptar til stofunnar og hafa ekki áhrif á framlög ríkissjóðs og heimaaðila skv. 1. gr.

3. gr.

Þær eignir sem til stofnkostnaðar teljast skulu aðeins nýttar í þágu stofunnar nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

4. gr.

Hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða er:

- a) Að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru vestfjarða.
- b) Að safna gögnum og varðveita og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Vestfirði og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum.
- c) Að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Vestfjörðum.
- d) Að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Vestfjörðum.
- e) Að veita sveitarfélögum á Vestfjörðum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar m.a. vegna nýtingar auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

5. gr.

Heimilt er Náttúrustofu Vestfjarða með sérstökum samningi að gerast aðili að sýningarsafni en fjárhagur hennar og safnsins skal vera aðskilinn.

6. gr.

Yfir Náttúrustofu Vestfjarða skal starfa sérstök stjórn, skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Eigendur í héraði tilnefna tvo en ráðherra einn og skal hann vera formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórna er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga. hlutverk stjórnar er að annast rekstur stofunnar, gera fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar of starfsemi.

7. gr.

Launa og ferðakostnaður stjórnarmann greiðist af tilnefningaraðilum. Annar kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni.

8. gr.

Til að sinn ahlutverki stofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa og annara heimilda um náttúruna frjáls för um lönd manna en forðast skulu þeir óparfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Komi í ljós við rannsókn verðmæti sem áður voru ókunn ber rannsakanda að tilkynna réttihafa þess lands þar sem verðmæti eru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12 og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur og öðlast þegar gildi.